

## Skilablað – Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi

### Almennt um skilagreinir

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ eða „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi.

### 1 Upphaf verkefnis

Árið 2008 hugðist Umhverfisstofnun láta byggja þjónustumiðstöð í Þjóðgarði Snæfellsjökuls á Hellissandi út frá samkeppnistillögu Arkís ehf.

Verkkaupar voru umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Umhverfisstofnun.

Verkefnastjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) var Guðbjartur Á. Ólafsson.

### 2 Verklýsing

Verkefnið fólst í að fullhanna nýbyggingu þjónustumiðstöðvar í Þjóðgarði Snæfellsjökuls á Hellissandi út frá samkeppnistillögu Arkís ehf. Byggingin átti að hýsa þjónustumiðstöð þjóðgarðsins með sýningar- og kennslu-aðstöðu, auk rýma fyrir starfsmenn þjóðgarðsins, svo sem skrifstofur, geymslur og aðstöðu fyrir þjóðgarðsverði, alls um 680 fermetrar.

Verkefnið fólst í að ljúka áætlunargerð og öðru því sem þarf til að bjóða framkvæmd út í almennu útboði þegar heimild til útboðs lægi fyrir.

Verkheiti verkefnisins var Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verkefnið fékk verknúmerið 614 2130.

### 4 Framvinda

Hönnunarteymi undir forystu Arkís arkitekta sá um áætlunargerðina og voru fullunnin útboðsgögn tilbúin til útboðs árið 2008.

### 5 Kostnaður verksins

Kostnaður vegna undirbúnings og hönnunar verksins var 38.440.187 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi 2008 var ákveðið að fresta verkefninu. Á fundi með fulltrúum Umhverfisstofnunar 10. febrúar 2017 var ákveðið að kanna hver kostnaður yrði við endurskoðun á hönnunargögnum þar sem þau væru orðin tíu ára gömul. Í framhaldi af því var ákveðið að stofna nýtt verknúmer um verkefnið, 614 2133.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Sjá lið nr. 6.

### 8 Verklök

Vegna áður nefndra tafa á verkefninu var ákveðið að loka verknúmerinu 614 2130. Stofnað var nýtt verknúmer fyrir verkefnið, 614 2133, í nóvember 2017 þar sem allar líkur eru á að fjármögnun verkefnisins sé tryggð á árinu 2018.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur